



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 140/311
komudagur 18.11.2011

Reykjavík, 18. nóvember 2011

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um úttekt á álitserðum matsfyrirtækja um láns hæfi íslenskra aðila, 35. mál.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um framangreinda þingsályktunartillögu. Samkvæmt tillögunni er ríkisstjórn ætlað að ráða erlendan sérfræðiaðila til að gera úttekt á álitserðum erlendra matsfyrirtækja um láns hæfi íslenskra fyrirtækja og stofnana fyrir og eftir hrun íslenska fjármálakerfisins í október 2008. Niðurstöður úttektarinnar yrðu kynntar víða um heim og nýttar til stefnumótunar stjórnvalda um kröfur um hlutlægni sambærilegra álitserða í framtíðinni. Ekki kemur fram hver er áætlaður kostnaður af úttektinni og kynningu niðurstöðu hennar verði tillagan samþykkt.

Flestum sem til þekkja ætti að vera það ljóst að gæði álitserða umræddra matsfyrirtækja voru ófullnægjandi í aðdraganda fjármálakreppunnar. Fjármálahrúnið í október 2008 staðfesti verulegt ofmat matsfyrirtækjanna á fjárhagslegum styrkleika fjármálafyrirtækja og vanmat á þeirri áhættu sem þau tóku. Þetta ranga mat var ekki bundið við matsfyrirtækin heldur einnig mörg stöndug alþjóðleg fjármálafyrirtæki, opinberar stofnanir, þjóðkjörna fulltrúa og fræðimenn. Álit óháðs erlends sérfræðiaðila á umræddum álitserðum bætir að líkindum þar fáu við.

Trúverðugleiki matsfyrirtækjanna verður ekki endurreistur nema þau geti sýnt fram á að vinnubrögð þeirra og matsaðferðir hafi tekið gagngerum breytingum. Það frumkvæði verður að koma frá þeim.

Á alþjóðavettvangi er það G-20 ríkjahópurinn sem hefur yfirumsjón með viðbrögðum við fjármálakreppunni og samhæfir aðgerðir til að bregðast við þeim brestum sem komið hafa í ljós í kjölfar hennar. Starfsemi og starfsaðferðir láns hæfismatsfyrirtækjanna er einn þáttur þessa starfs. Þá hafa þessi mál m.a. verið til skoðunar hjá Alþjóðagreiðslubankanum (BIS) í Basel og hjá ESB. ESB setti meðal annars tilskipun um láns hæfismatsfyrirtæki á árinu 2009. Þá hefur Framkvæmdanefnd ESB nýlega boðað frekari aðgerðir og breytingar vegna láns hæfismatsfyrirtækja, sjá t.d. nýlega frétt frá Framkvæmdanefndinni frá 15. nóvember sl. Þar kemur m.a. fram:

„Credit rating agencies (CRAs) are major players in today's financial markets, with rating actions having a direct impact on the actions of investors, borrowers, issuers and governments. For example, a corporate downgrade can have consequences on the capital a bank must hold and a downgrade of sovereign debt makes a country's borrowing more expensive. Despite the adoption of European legislation on credit rating agencies in 2009 and 2010, recent developments in the context of the euro debt crisis have shown our existing regulatory framework is not good enough. So, today the Commission has put forward proposals to toughen that framework further and deal with outstanding weaknesses.

Internal Market Commissioner Michel Barnier said: "Ratings have a direct impact on the markets and the wider economy and thus on the prosperity of European citizens. They are not just simple opinions. And rating agencies have made serious mistakes in the past. I have also been surprised by the timings of some sovereign ratings – for example ratings announced in



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

the middle of negotiations on an international aid programme for a country. We can't let ratings increase market volatility further. My first objective is to reduce the over-reliance on ratings, while at the same time improving the quality of the rating process. Credit rating agencies should follow stricter rules, be more transparent about their ratings and be held accountable for their mistakes. I also want to see increased competition in this sector."

(Sjá: <http://europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=IP/11/1355&format=HTML&aged=0&language=EN&guiLanguage=en>)

Eðlilegt er, í ljósi samstarfsins á Evrópska efnahagssvæðinu, að Ísland verði í samfloti með ESB í þessu verkefni. EES samstarfið er vettvangur þar sem Ísland getur miðlað reynslu sinni af skiptum við matsfyrirtækin. Þar er hægt að koma fram okkar sjónarmiðum. Öll þau fyrirtæki sem hér um ræðir eru erlend og utan lögsögu Íslands og áhrifa þeirra gætir ekki síst hjá fjárfestum sem hafa heimilisfesti utan Íslands. Einhliða aðgerðir af hálfu Íslands eru því ekki líklegar til að skila árangri.

Það kann að vera gagnlegt að fara yfir álitserðir umræddra matsfyrirtækja undanfarin ár um stöðu og horfur í efnahagsmálum Íslands. Að mati SA er engin sérstök ástæða til að binda slíka vinnu við erlenda sérfræðinga.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins